

Fiskeldi Austfjarða  
Strandgata 18  
735 Eskifjörður

3. nóvember 2025  
UOS2501628/A.E.H.

## Efni: Reglubundið eftirlit þann 24. september 2025 – Fiskeldi Austfjarða, Bakka ID 272

Þann 24. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í Fiskeldi Austfjarða, Bakka í Ölfusi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### Eitt eldra frávík var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Styrkur ammóníaks var yfir mörkum í sýnatökum ársins 2023.

### Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðila var bent á að huga betur að hreinsibúnaði þar sem það var fóður í viðtaka.

### Fimm frávík komu fram er varða:

1. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 22. mars 2024.
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 30. ágúst 2024.
3. Gr. 3.5 í starfsleyfið. Við útrásir þar sem eldisvatn í fráveitu er veitt í viðtaka má ekki vera efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi. Töluvert af fóðri var í viðtaka sem koma frá frárennslinu.
4. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Sápubrúsar og sótthreinisbrúsar voru geymdir án fullnægjandi lekavarna.
5. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Mismunur á sýrustigi í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 22. mars 2024. Fráviki er lokað þar sem mismunur á sýrustigi er innan marka 30. ágúst 2024.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 25. nóvember 2025.

Virðingarfyllst,

*Auður Eyberg Helgadóttir*

Teymi eftirlits

*Freyr Ævarsson*

Teymi eftirlits